

ÞÁTTTÖKUTILKYNNING 2025 YNGRI FLOKKAR OG ELDRI FLOKKUR

Félag:

Kynnið ykkur vel hvaða reglur gilda um undanþágur á skráningu liða neðar í keppnisröð (sjá hér að neðan).

Tilgreinið fjölda liða sem skráð eru til leiks í viðeigandi reiti.

Eldri flokkur karla

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 7 manna lið 40 ára og eldri (Svæðakeppni)
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 7 manna lið 50 ára og eldri (Svæðakeppni)
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 7 manna lið 60 ára og eldri (Svæðakeppni)

2. flokkur karla

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið (Jöfnunarsjóðsgjald er áætlað kr: 560.000 í A deild og 310.000 í B deild)
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni)
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið

3. flokkur karla

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - B lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - C lið
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 7 manna lið

4. flokkur karla

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - B lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - C lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - D lið
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 8 manna lið

5. flokkur karla

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 8 manna lið (Svæðakeppni)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> A-lið <input type="checkbox"/> B-lið <input type="checkbox"/> C-lið <input type="checkbox"/> D-lið <input type="checkbox"/> E-lið <input type="checkbox"/> F-lið

2. flokkur kvenna U20

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið (Jöfnunarsjóðsgjald er áætlað kr: 350.000 í A deild og 140.000 í B deild)
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið

3. flokkur kvenna

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - B lið
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 7 manna lið - Lið

4. flokkur kvenna

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - A lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - B lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 11 manna lið - C lið
<input type="checkbox"/>	Bikarkeppni - 11 manna lið
<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 8 manna lið

5. flokkur kvenna

<input type="checkbox"/>	Íslandsmót - 8 manna lið (Svæðakeppni)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> A-lið <input type="checkbox"/> B-lið <input type="checkbox"/> C-lið <input type="checkbox"/> D-lið

- **Undanþágur og flutningur liðs milli riðla/deilda**

Mótanefnd er heimilt að færa lið niður um riðil/deild í yngri flokkum, berist henni rökstudd ósk um það frá stjórn hlutaðeigandi félags til mótanefndar fyrir 5. janúar.

Einnig er mótanefnd heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni neðar í keppnisröð skv. neðangreindu.

- **5. flokkur**

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C-lið
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B-lið og lið 2 leiki sem C-lið.
- c) Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D-lið.

- **4. flokkur**

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið á sama svæði.

- **3. flokkur**

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið á sama svæði.

*Félög sem nýta sér undanþágu til að skrá lið neðar keppnisröð geta **ekki** tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi móts. Vinsamlegast upplýsið þjálfara og aðra forráðamenn viðkomandi keppnisliða félagsins ef sótt hefur verið um að leika neðar í keppnisröð.*

- **Lotukeppni**

Þar sem keppni fer fram í lotum er heimilt að óska eftir því að hefja keppni í 2. lotu. Eins og staðan er núna þá á það við um 2. flokk karla A-liða og 3. flokk karla og kvenna A-liða. Tilkynna þarf um það sérstaklega með þátttökutilkynningunni fyrir 5. janúar. Viðkomandi lið hefur þá keppni í neðsta riðli.

- **Ábyrgð á dómgæslu**

- Í yngri flokkum og Eldri flokki ber heimalið almennt ábyrgð á að manna dómgæslu skv. þeim reglum sem um það gilda. Í 2. flokki karla og kvenna A-deild leggur KSÍ til dómarrátt til leikina.
- Í 2. flokki karla og kvenna B-deild leggur KSÍ til dómara en heimalið leggur til aðstoðardómara með tilskilin réttindi.
- Í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá og með 8-liða úrslitum leggur KSÍ til dómara en heimalið leggur til aðstoðardómara með tilskilin réttindi.
- Í öðrum tilfellum ber heimalið að leggja til dómara/aðstoðardómara í leiki með tilskilin réttindi.

- **Ferðakostnaður**

Almennt greiða félög sjálf sinn ferðakostnað, en félag sem ferðast til leiks í bikarkeppni yngri flokka (2., 3., og 4. flokkur) skal leggja fram reikning vegna ferðakostnaðar (en ekki upphaldskostnaðar) fyrir 18 manns sem greiðist jafnt af báðum aðilum. Minnt er á að notuð séu hagkvæmstu fargjöld þegar ferðalög eru skipulögð.

- **Leikdagar og leiktími**

Félögum er bent á að koma séróskum sínum um leikdaga og leiktíma vegna niðurröðunar leikja skriflega (tölvupóstur: birkir@ksi.is) til mótanefndar fyrir 5. janúar. Þetta á sérstaklega við um heimaleiki félaga en einnig ef félag er með sér óskir um leikdaga þar sem ferðast er milli landshluta. Mótanefnd reynir að verða við óskum félaga. Því fyrr sem þær koma fram, aukast líkurnar á að því auðveldara er að verða við þeim.

- **Utanferðir félaga**

Félög eru beðin um að senda mótanefnd eins fljótt og kostur er upplýsingar um utanferðir jafnvel þó að dagsetningar hafi ekki verið endanlega ákveðnar. Gildir þá einu hvenær árs þessar ferðir eru farnar eða hvaða flokkur á í hlut.

- **Vandið skráningar - Sektir**

Undanfarin ár hafa vandræði skapast vegna ónákvæmra skráninga, þ.e. lið hafa verið skráð í mót sem síðan hafa verið skráð úr móti í upphafi þess eða á miðju tímabili. Þetta skapar ekki eingöngu vandræði fyrir mótherja og mótanefnd KSÍ heldur er kostnaðarsamt fyrir viðkomandi félög. Sekt fyrir að hætta þátttöku fyrir 1. apríl er kr. 25.000 í meistaraflokki og kr. 15.000 í öðrum flokkum. Frá og með 1. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 80.000 í meistaraflokki og kr. 35.000 í öðrum flokkum. Ef lið hættir í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í tvo leiki eru sambærilegar sektir kr. 150.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum flokkum. Lið sem hættir þátttöku í móti getur átt von á því að verða krafð skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar af þeim félögum sem það hefur þegar leikið við. Nánari upplýsingar um sektir er að finna á vef KSÍ í reglugerð um knattspyrnumót.

Kannið grundvöll skráningar áður en lið er skráð til keppni !

Nafn þess aðila sem ber ábyrgð á þátttökutilkynningunni.

Sendið eintak af þátttökutilkynningu þessari fyrir 5. janúar á netfangið birkir@ksi.is.